

JÓMSVJKJEGA

S A G A.

ú t g e f i n e p t i r

gamalli kálfskinnsbók

í hinu konungliga bókasafni í Stockholmi.

Kaupmannahöftr.

Prentuð hjá Harðvigi Friðriki Popp.

1824.

affectionate

affectionate

Hér hefr upp Jómsvíkinga Savgu:

Maðr er nefndr Tóki i Danmörku, í heraði því, er á Fjóni heitir. Þórvavr hét kona hans. Hann átti [þrjá¹] sonu: Áki hét inn ellri, enn annarr Pálnir, hinn [ýngsti²] hét Fjölnir, hann var frilluson. Tóki var þá gamall, ok tók hann sótt ok andaðiz, litlo síðarr Þórvavrs kona hans; tóku þeir broðr arf, Áki ok Pálnir; þá spurði Fjölnir broðr sína, hvat þeir ætlaði honum af fè. Þeir qvoðuz mundu miðla honum; þriðjung af lausa fè, enn ecki af lavndum, ok þóttuz þeir þó gera hans luta góðan; enn hann mælti til þriðjungs allz seár, sem hann væri arfgeingr, enn þeir broðr hans nítto því. Fjölnir lét sér illa lika, ok ferr í brott, ok til Haraldz konungs, ok gerðiz hirðmaðr hans ok ráðunautr. Hann var vitr maðr ok ráðugr ok illgjarn. Hann tekr nú ok rœgir Áka bróður sinn við konungi.

¹) þannig A, F, Í; tvø, R. ²) þannig A, F, Í; ellzti, R.

Eingi maðr í þau mund ótíginn var meiri fyrir sér í Danmörk enn Áki Tókason. Hann lá hvert sumar í hernæði, ok hafði nær ávallt sigr. Fjölnir sagði svá Haraldi konungi, at hann mundi eigi þickja einn konúngr yfir Danmörk meðan Áki Tókason væri uppi. Svá gat hann umtalit fyrir konungi, at eigi var óhætt milli þeirra konúngs ok Áka. Áki átti friðland ok gott vinfeingi við Óttar jarl í Gautlandi, ok þangat fór hann eitt sinn at heimboði, ok hafði tvö skip ok hundrað manna, ok allir vel búnir at våpnum ok klæðum. Þar var hann nockura hríð, ok þá Áki gjafar góðar at skilnaði af jarli, fór aptr síðan. Þetta fregnir Haraldr konúngr, at Áki var or landi farinn; hann lætr búa tíu skip ok fimm hundruð manna, ok bað þá fara ok sæta því, er hann færí aptr, ok taka hann af lífi ok allt föruneyti hans. Konúngs menn fóru síðan ok heldu nýosnum til um ferðir Áka, var þat hœgt, því at þeir kunnu ei at varaz þetta. Þar konuð konúngs menn at þeim með her þenna á óvart, ok létu bera á þá våpn, ok feldu á þá tjöld, enn þeir voru ecki viðbúnir, ok drepa þá alla. Eptir þetta færa þeir konungi herfáng þetta allt. Konúngr lætr nú vel yfir, ok qvaz nú mundo vera einn konúngr fyrir Áka. Fjölni þótti nú allvel, ok þóttiz goldit hafa nockuru, er hann næði eigi arfinum.

2. Nú spyrjaz þessi tíðendi á Fjón, ok er Pálnir heyrði þetta, þickir honum svá mikit, at

hann legz í reckju af. Honum þóttu hefndir ósýnar við þann sem at eiga var, er konúngr var. Sigurðr hét maðr, hann var fóstbróðir þeirra, vitr maðr ok auðigr. Pálnir leitaði ráða við hann, hvernveg hann skyldi meðsara. Sigurðr qvez vildi biðja konu handa honum. Pálnir spyrr, hver sú væri. Sigurðr qvað vera Íngibjörgu dóttur Óttars jarls af Gautlandi. Pálnir segir: þat uggi ek, at ek muna eigi geta þessa konu, enn vist ætla ek, at þat mundi vænst til umbóta minna harma, ef ek fenga þessa konu. Nú býz Sigurðr heiman, hann hafði eitt skip ok sextýgi manna, ok ferr norðr til Gautlandz. Sigurðr lýsir yfir örendi sínu fyrir jarli, ok biðr dóttur hans til handa Pálna, qvað hann ei skorta fjárlut á Fjóni, ok qvað bana Pálna við liggja fyrir harma sakir. Þær verða mála lyktir, at jarl heitr dóttur sinni, ok skal færa heim konuna. Síðan ferr Sigurðr heim ok segir Pálna þessi tíðendi, ok lèttiz honum mikit við þetta; búa þeir nú veizlu ágæta á Fjóni, ok spara ecki til; ok á nefndum degi kemr jarl ok mikit lið, ok var þar druckit vegligt bruðlaup, ok síðan leidd í eina reckju Pálnir ok Íngibjörg. Hón sofnar brátt oc dreymir hana, ok er hon vaknar, sagði hon Pálna drauminn: þat dreymði mik, segir hon, at ek þóttumz hér stödd á þessum bœ, enn ek þóttumz uppi eiga einn vef, hann var grár at lit; mér þótti kljáðr vefrinn, ok var ek at at slá

vefinn; þá fell af einn [kljár¹] af miðjum vefnum ábak; þá sá ek at kljárnir voru mannahöfuð ein, ok ek tók upp þetta höfuð, ok kenda ek. Pálnir spurði, hvers höfuð væri; enn hon qvað vera höfuð Haralds konúngs Gormssonar. Pálnir qvað betra enn eigi dreymt. Svá þicki mér ok, segir hon. Eptir þessa veizlu ferr Óttar jarl heim í Gautland með gjöfum virðuligum; enn með þeim tókuz upp ástir góðar, Pálna ok Íngibjörgu, ok brátt gátu þau son saman, sá var kallaðr Pálnatóki. Hann vóx upp á Fjóni, ok er snem mendis boeði mikill ok vitr ok vinsæll; ok er Pálnatóki er af enum mesta barnsaldri, þá tekur faðir hans sótt ok andaz. Pálnatóki tekur nú fjárluti alla með móður sinni til forráða. Hann legz nú í hernat hvert sumar, ok þickir nú frægr maðr, ok aungum manni þickir hann jafnlíkr í sinni lyzku, sem Áka föðurbróður sínum.

[Pálnatóki qvongaz].

3. Penna tíma ræð jarl sá fyrir Bretlandi er Stefnir hét; hann átti dóttur eina er Álof hét, hon var vitr ok vinsæl. Pálnatóki kemr þar við land skipum sínum, ok ætlaði at herja á ríki Stefns jarls; ok er þetta spyrst, þá tekur Álof þat ráð ok þau Björn hinn brezki, hann var ráðgjafi hennar, þau bjóða Pálnatóka til veizlu ok mikillar vegsemðar, ok átti hann þar friðland ok herjaði eigi, ok þetta þeckiz Pálnatóki, ok sækir til veizlunnar með öllu liði sínu; ok á þeirri

¹) *Gizkat*; kleinn, A; keinn, R.

veizlu biðr Pálnatóki Álofar, ok var þat mál auðsótt; ok þá þegar er brugðit til bruðlaups, ok þar með gefr Stefnir jarl Pálnatóka jarls nafn ok hálft ríki sitt, enn hann átti allt eptir hans dag. Pálnatóki var þar um sumarit ok um vetrinn, en um [vár] mælti Pálnatóki við Bjavrn hinn brezka: nú ætla ek heim til Danmerkr, enn þér ætla ek hér eptir með Stefní mági mínum, ok hafa landráð fyrir mína hönd.

Viðrtal Æsu ok konungs.

4. Eptir þat ferr Pálnatóki ábraut með Álof konu sína ok heim á Fjón í Danmörku. Hann sitr nú heima at búum sínum um hríð, ok þickir nú hann annarr mestr maðr í Danmörku ok ríkaztr ok bezt at viti búinn annarr enn konunginn. Haraldr konungr ferr nú at veizlum um landit. Pálnatóki býr nú veizlu, ok býðr til Haralds konungi, ok konungr þeckiz þat; hann var þar leingin á veizlu; en kona sú var feingin til þjónustu við konung, er Æsa het, ok kölluð Saumæsa, hon var snauð kona ok þó vel kunnandi. Nú fór konungr af veizlu, ok var reifðr mörgum gjöfum. Um sumarit eptir var Saumæsa með barni, ok Páluatóki talaði ok spurði, hvern i hlut æfti með henni; hon quæð þar engan til nemal konunginn; þá skal ek taka þic af starfi þar til er hagr þinn lèttiz. Nú liða stundir, ok fæðir Æsa barn, er [því] nafni gefit, ok het Sveinn, ok kallaðr Saumæsú-Sveinn. Hann vex upp á Fjóni, ok gerir Pálna-

tóki vel til hans, ok svâ menn hans. Ok er Sveinn var þrævetr, tekri Haraldr konúngr þar veizlu á Fjóni. Nú er Pálnatóki í tilstilli með Saumæsav: um daginn, er konúngr sat yfir bordi, kemr Æsa fyrir bordit, ok leiðir sveininn ok mælti: herra konúngr segir hon, her leiði ek einn svein, [ok kalla ek þar öngan mann annan stigi¹⁾], til at eiga þenna svein með mér enn yðr konúngr. Konúngr segir brátt, er hon hafði lokit málí sínu, hvern hon væri. Hon segir til nafns síns: Konúngr mælti: firna djavrf kona ertu ok heimsk, ok dírf þic eigi at mæla slíct, ef þú vilt vera ómeidd. Pálnatóki mælti: því mun hon þetta mæla, herra! at henni mun þetta þickja satt vera, ok ecki er hón lausúngar kona; höfum ver ok fyrir yðrar sakir skotit skjóli yfir hana. Konúngr svárar: Eigi var mér þess ván, at þú mundur þetta ræsa á (hendr²⁾). Svâ skal ok vera, segir Pálnatóki, enn svâ skal ek hefja hans kost, sem hann sé þinn sonr. Konúngr mælti: aunga öfussu kann ek þér fyrir þat. Pálnatóki segir: aungo skal þat skipta, skolu ver nú láta falla þessa roeðu at sinni. Eptir þat ferr konúngr af veizlu með engum gjöfum, ok er fáttum með þeim Pálnatóka.

Kiðræða Sveins ok Haraldis konungs.

5. Litlo síðari fæddi Álaf svein, sa var kallaðr Áki, hann var fæddur upp á Fjóni með feðr sínum. Sveinn er nú þar til þess er hann

¹⁾ þannig A; reigi, R. ²⁾ frammflyðja, y.

er fimmtán vетra. Þá biðr Pálnatóki hann fara á fund föður síns ok krefja hann liðs, ok segjaz hans sonr, hvårt er honum þickir betr eða verr. Sveinn gerir nú svâ sem fôstri hans lagði til. Haraldr konúngr segir: Þat skil ek á orðsæri þíno, at ei man logit til móðernis þíns, muntu vera eitt fólk af glapi. Þá mælti Sveinn: ek munda vilja eiga gösgari móður, ef þú hiefðir svâfyrir sêð, enn at savnnu ertu minn faðir! Nú fá þú mér þrjú skip, enn fôstri minn mun fá mér avnnur þrjú; enn ef þú vilt eigi þat, þá skal ek gera þér þat nockut illbýti, er meira sê vert. Konúngr mælti: ek ætla at þú munir vera því brátt kaupandi, ok kom aldrei apr! Eptir þat fær konúngr Sveini þrjú skip ok hundrað manna. Pálnatóki fær Sveini avnnur þrjú skip. Hann herjar á riki föður síns allt þat sumar; geriz illr kurr í boendum; konúngr leiðir hjá sér, líðr svâ til haustz. Ferr Sveinn þá heim á Fjón, ok er með Pálnatóka um vetrinn. Um vârit ferr Sveinn á fund Haralds konungs, ok ferr allt á sama leið. Sveinn fær nú sex skip af konungi, enn Pálnatóki fær honum avnnur sex. Sveinn herjar enn á ríki föður síns, ok er nú hálfo ákaf-ari, geingr nú aldri af þeim. Hann herjar boði of Sjáland ok Halland; þeir drepa nú margan mann. Þessi tiðendi spyrjaz nú viða; böendr fara á konungs fund, ok segir honum til sinna vandræða, enn konúngr lætr enni liða hjá sér. Um haustitför Sveinn til Pálnatóka með öllu

liði, ok er þar um vetrinn. Enn er vårdagar koma, býr Sveinn lið sitt, gerir allt eptir því sem fóstri hans lagði ráð á með honum. Hann ferr nú á konungs fund, ok biðr hann sá sér tólf skip. Konungur segir: þú ert maðr svá djarfr, at ek veit eigi þinn maka, er þú þorir at koma á minn fund, þar er þú ert boði. Þjófr ok ránsmaðr, ok við þinni frændsemi geing ek aldri. Sveinn segir: at vísu em ek þinn son, ok savnn er ockar frændsemi; enn þó skal ek þér eigi þyrma; því at nú þegar skolu við berjaz, ef þú fær mér eigi slíkt, er ek vil, ok skaltu nú hyergi undan hokra. Konungur segir: vandræðamaðr ertu, ok þannig er þitt lyndi, sem þú munir vera eigi smára manna nöckurra, ok muntu hafa verða þat er þú kallar, far síðan á braut ok kom aldri apr! Nú ferr Sveinn á fund Pálnatóka með þrjátýgi skipa; hann tók nú vel við honum, ok picki mér þú vel hafa þat er ek legg til með þér; nú skalju herja því mest á Danmörk í sumar, sem nú hefir þú mestan aflann; enn nú mun konungur eigi þola þér leingr, enn þú flý eigi, þó lið sé gjört til þín, því at ek mun koma at veita þér. Enn ek ætla til Bretlandz í summar til Stefnis jarls mágs míns með þessi níu skip. Nú skilja þeir ok fara báðir senn or landi. Sveinn herjar nú á Danmörk nótt með degi, drepr menn, enn rænir sér öllu, ok brennir hér-öð. Landsmenn flýja nú undan illa leiknir ok segja konungi. Honum pickir nú eigi vera mega.

svá búit. Konúngr lætr nú búa finnmtýgiskipa, oc
 fylgir sjálfr, leita nú Sveins; ok um haustið
 finnaz þeir við Borgundarhólm; þat var svá síð,
 at eigi þótti mega til bardaga leggja; enn um
 morguninn þegar vígljóst var leggja þeir saman
 skip sín, ok berjaz þaðn dag allann til qveldz,
 ok voru þá hroðin trú skip af Haraldi konungi,
 enn tólf af Sveini. Sveinn leggr nú skip sín inn
 í vågsbotninn um kveldit, enn konúngr leggr
 sínum skipum um þveran yáginn, ok verpa
 Svein þar inni. Þetta sama kyeld kemr Pálna-
 tóki þar við land, hann hefir fjögur skip ok tutt-
 ugu; hann leggr avðrum megin undir nesit ok
 tjaldar þar. Eptir þat geingr Pálnatóki á land
 einn saman, hann hafði með sér boga og ayryva-
 mæli. Þenna sama aptan geingr Haraldr kon-
 úngr á land upp við tólfra mann; þeir fara í
 skóg, ok gera sér bakeld, þá var myrkt af nótt.
 Konúngr afklæðiz ok bakaz. Pálnatóki sér eld-
 inn í skógin; ferr hann þar í syig við, þeckir
 mennina, leggr nú avr á streing, ok skýtr í
 gegnum Harald konung, fell hann þegar dauðr
 niðr. Pálnatóki snýr þegar aptr til liðs síns,
 enn förunautar Haralds konungs styrma yfir hon-
 um; þeir mælto með sér, hverso með skyldi fara.
 Fjölnir mælti: þat er mitt ráð, at ver hafim eina
 sögn allir, at Haraldr konúngr hafi skotinn verit
 í bardaga, því at þat má sízt værri vangeymslu
 kenna; ok nú binda þeir þetta fastmælum.
 Fjölnir tekur ayrina ok yarðveitir, var hon auð-

kend, því at hon var gulli reyrð. Pálnatóki kallar með sér tuttugu menn, quez vildi finna Svein, fara nú yfir þvert nesit, ok gera ráð sín. Segir Sveinn, at hann vill at Pálnatóki gerí ráð fyrir þeim. Pálnatóki segir atungum manni líslát konungs; han mælti: eigi skolum vér seint til ráða taka: vér skulum gánga á skip með yðr, enn síðan skulum vér leysa skip vár avil, ok veita atróðr flota konungs; er mér leitt, at konungr kvíi oss hér ok drepi. Nú er svá gert; veita þeir nú atróðr flotnum; þar fórtuz þrjár sneckjur af liði konungs, ok komuz þeir einir menn af, er syndir voru; enn þeir Pálnatóki ok Sveim reru út í þat hlið öllum skipum, ok svá til liðs þess, er Pálnatóki hafði þangat haft. Um morguninn leggja þeir at konungs mönnum, ok spyrja þau tíðendi, at konungr liefir látz. Þá mælti Pálnatóki: þá eru tvær kostir, at berjaz við oss, eða taka Svein til konungs; þeir vilja nú heldr taka við Sveini. Síðan fóru þeir báðir ok queðja þings; var þá Sveinn til konungs tekinn yfir alla Danmörk. Nú er Sveinn er konungr orðinn, þickir honum skyldt at erfa feðr sinn, ok býðr Pálnatóka, enn hann quez eigi mega fyrir þær vetrnoetr; því at mér er sagt, at Stefnir mágr minn sé dauðr, enn ek á þar ríki allt. Nú eyðiz erfi þat haust; enn Pálnatóki fór or landi, enn hann setr Áka son sinn eptir á Fjóni, ok bað honum virkta af Sveini konungi. Konungr het því, ok svá gerði hann.

Pálnatóki ferr nú til Bretlandz, og tekr nú þar við ríki, ok liðu af þau misseri. Um sumarit eptir sendi Sveinn konúngr menn til Pálnatóka, at bjóða honum til erfis, enn Pálnatóki i qvez enn eigi fara mega, lok eyðiz erfis þau misseri; ok nú er sumrar, Þetr Sveinn konúngi sefna til erfisgerðar, sendir enn menn til Pálnatóka, ubiði nú hann koma til erfisgerðar, ok segir nú á reiði sína, ef han ferr nú eigi. Pálnatóki segir sendimönnum, at han mun nú koma, ok konúngi láti búa veizlunum. Konúngi lætur undrúa erfity, ok býðr til fyrða manna, ok þá eru allt var tilbúit ok boðsmenna komnir, Hör á daginn, ok kemur eigi Pálnatóki, ok ganga menn til dryckju. Konúngi liggja rúm [Pálnatóka] á vndugi annit óæðra bekk ok hafis málma utar frá, sifðan taka þeir oo drecka. Nú er at segja frá þeim Pálnatóka ok Birni hinum brekka, miðþeir hafa þrjú skip loð hyndrað manna, ok hálfs hvarf Danir eða Bretar. Þeir Roma þetta hit saman kveld fyrir konungs bœinn; þá var veðr allgottin, peir suúa skipuna sínunum, ok bera upp skutfestar, ok leggja árar í háreiðar, og peir gánga nú til konungs bœjar með avlu liðmu. Pálnatóki geingri nú í höllina, ok lallir peir, ok syrit konunginn, ok heilsar konungi. Konúngr tok vel mali hans, ok vísar höruum til sætis, ok öllum þeim, itaka nú at dreoka. Fjölnir hneigðiz at konungi, ok talaði við hann líjótt um lífð; akonúngi brá lit við, ok gerði rauðan sem blóð.

Rálnatóki geingr við skeytti sínu.

Maðr hét Arnoddr, kertisveinn konúngs, ok stóð fyrir horði hans. Fjölnir sekr honum ör eina, ok biðr hann bera fyrir alla menn, þá er voru í höllinni, þar til er nökcurr kannadiz við af setti. Hann geingr fyrst innar frá sæti konúngs, þá útar frá kóngi til gáttar, þá geingr hann innar fyrir Pálnatóka, ok spyrr, hvárt hann kenni nökut þetta skeytti. Pálnatóki segir: hví mun ek eigi kerjna skeytti mitt, sel mér, ek á. Þá skorti eigi hljóð á höllinni, þegar inackun eignaði sér þetta skeytti. Sveinn konúngi mælti: Hvar skildiz þú við þetta skeytti næsta sinn? Pálnatóki segir: opt hefi ek þér eptirlátr verit, fóstri! ok svá skal enn. Ek skildum við á boga-streingnum, þá en ek skaut í gegnum feðr þinn. Konúngi mælti: standi mena upp sem tíðast, ok hafi hendr á þeim Pálnatóka, ok skal drepa þá allra, Því at nú er sundarslegit öllum gðða. Þeim er værit hefir með ok yfir. Nú hlaupa upp allir í höllinni. Pálnatóki bregðr nú sverði sínu, ok havggr Fjölni frænda sinni í tyk, ok síðan leitar hann út, ok allin hans menn; Því at svá átti hann þar vel vingat, at eindi vildi honum grand gera. Nú eru þeir Pálnatóki komnir allir út af höllinni nemur einn maðr af liði Bjarnar. Pálnatóki mælti: neckji var minna at ván, ok skundum nú til skipa. Björn segir: elgi imundir þú svá renna frá þínum manni, ok ei skal ek; snýr inn aptr í höllina. Þeir kasta þá enum brezka

manni yfir höfuð sér, ok hafa nær risit í sundr. Björn ferr nú ok tekr manninn, ok kastar á bak sér dauðuni, ok mest gerði Björn þetta til ágætis sér; fara nú síðan til skipa sinna, felli nú við árar ok reru í braut, létta nú eigi fyrr enn þeir komu heim til Bretlandz. Þeir Sveinn konúngr drecka nú erfit, ok unir hann illa við. Et næsta sumar eptir tekr Álof sótt, kona Pálnatóka, ok andaz, ok nú unir hann eigi í Bretlandi, ok setr þar til ríkis Björn inn brezka, enn hann býr nú ör landi þrjátýgi skipa, ok legzt nú í hernað. Hann herjar nú um Skotland ok Írland, ok hefir nú þessa iðn þrjá vetr, ok aflar sér mikils feár ok ágætis. Hit fjórða sumar siglir Pálnatóki austr undir Vindland, ok hefir hann þá fjörutýgi skipa.

Vináttuboð við Pálnatóka af Burizleifi konungi.

7. Í þenna tíma réð fyrir Vindlandi konúngr sá íer Burizleifr hét; hann spyrr til Pálnatóka, ok hyggr silt til hernaðar hans, því at hann hafði nær ávalt sigr, ok var hverjum manni frægri. Þat ráð tekr konúngr, at hann sendir menn á fund Pálnatóka, ok býðr honum til sín, ok kvez vilja leggja við hann vináttu. Þat lætr konúngr ok fylgja þessu boði, at hann vill gefa honum eitt fylki af landi sínu þat er hét at Jómi, til þess at hann verði land hans ok ríki ok staðfestiz þar. Þetta þiggr nú Pálnatóki, oc staðfestiz nú þar, ok allir hans menn; ok bráðliga

lætr hann gera þar eina borg mickla ok ramgerfa. Sumr hluti borgarinnar stóð á sjá út, ok þarí lætr hann gera höfn svâ mickla, at liggja mátti við þrjú hundruð lángskipa, svâ at öll voru læst innan borgar; var þar búit um með mikilli list, svâ at þar voru dyrr á, enn steinbogi mikill yfir uppi; enn fyrir dyrunum voru járnþurðir ok læstar innan or höfninni, enn á steinboganum var gerðr kastali mikill ok þar valslöngur í: þessi borg er kölluð Jómsborg.

8. Eptir þetta setr Pálnatóki lavg í Jómsborg með vitra manna ráði, til þess at þeirra ágæti yrði sem víðfrægast, ok afli þeirra yrði sem mestr. Þat var upphaf laga þeirra: at þángat skyldi eindi maðr ráðaz, sá er ellri væri enn simmtugr, ok eindi ýngri enn átján vetra, þarameðal skyldu allir vera; hvárki skyldi því ráða frændsemi, þó at þeir menn vildi þángat ráðaz, er eigi væri í þeim lavgum. Eindi maðr skyldi þar renna fyrir jafnvígligum ok jafnbúnnum. Hyerr skyldi þar annars hefna sem bróður síns. Eindi skyldi þar æðruorð mæla, nè qvíða neinum hlut, hyegi óvænt sem um þætti. Allt þat er þeir fengi í herförum, þá skyldi til stángar¹⁾ bera minna hlut ok meira, þat er fémætt væri, ok ef hann hefði þat eigi gert, þá skyldi hann í brottu verða. Eindi skyldi þar róg kveyqva, enn ef tíðindi fregndiz, þá skyldi eindi svâ hvatviss, at þau skyldi í hávaða ségja; því at

¹⁾ til skiptis, f.

Pálnatóka skyldi þar öll tíðendi segja. Eingi maðr skyldi konö hafa í borgina, ok eingi í brött vera þrem nöttum leingr. Ok þó at við þeim manni væri tekit, er vegit hefði fôður eða bróður þess mannz, er þar væri áðr, eða nácqvarn náinn mann, ok koemi þat síðan upp, er við honum væri tekit, þá skyldi Pálnatóki þat allt doema, oc hvatki missætti annat, er þeirra yrði ámilli. Með þessu efni sitja þeir nú í borginni, ok halda vel lög sín. Þeir fara hvert summar í hernat á ymsi lönd, ok fá sér ágæti, þóttu verá enir mestu hermenn, ok náliga engir þeirra jafningjar í þann tíma, ok voru kallaðir Jómsvíkingar.

9. Í þenna tíma ræð fyrir Sjálavndum jarl er Haraldr hét; hann var kallaðr Strútharaldr; því var hann svá kallaðr, at hann átti hatt, er búinn var með tíu merkr gullz; Ingibjörg hét kona hans; Sigvaldi hét son þeirra, annarr Porkell háfi, dóttir þeirra hét Tóva. Maðr hét Veseti, hann ræð fyrir Borgundarholmi; kona hans hét Hildigunn; Búi hét son þeirra, annarr Sigurðr kápa, dóttir þeirra hét Þórgunn. Áki son Pálnatóka býr á Fjóni, ok lætr Sveinn konúngr alla lutu við hann sem bezt. Þessar konu biðr Sveinn konúngr til handa Áka, ok við Þórgunnu getr hann son, sá hét Vagn, hann vex upp heima þar. Ráðahagr Áka stendr með micklum blóma. Nú er Vagn nökcurra vetra, þá er svá frá honum sagt, at hann var meiri vandræða-

maðr í skapi enn aðrir menn, bardí hann allt ok beysti; hann var þá ýmist heima eðr í Borgundarhólmi með Veseta móðurfsöður sínum; því at hvârigir þickjaz mega um hann tæla. Við Búa er hann bezt allra sinna frænda, ok þat hafði hann helzt, er hann mælti, at öngu hafði hann þat er aðrir mæltu. Allra manna var hann vænstr, ok inn mesti atgervismaðr um alla luti, sterkr at afli. Búi móðurbroðir hans var hljóðlyndr ok skapmikill, sterkr svâ at menn vissu óglavgt afl hans, ecki fríðr ok þó liðmannligr. Sigurðr kápa var vænn maðr ok inn mesti í skapi ok allsámáiugr. Sigvaldi, son Haraldz jarls, var favlleitr, eygðr manna bezt, nefljótr, hár á vöxt ok snaufurligr. Porkell bróðir hans var manna hæstr ok sterkr ok forvitri, ok hvârtveggi þeirra. Þeir Sigvaldi spyrja föður sinn, hversu ráðlict honum þicki, at þeir leiti til Jómsborgar. Jarl segir, at þat væri ráðlict, ok er ykr allt mál at reyna ykr. Þeir spyrja, ef hann vil fá þeim våpn eðr vistir. Jarl qvað annathvârt vera skyldu, at fara hvergi eðr fá sér sjálfir hvârtveggja. Nú vilja þeir eigi fara at síðr, búa nú tvö skip ok hundrað manna, ok vönduðu lið þat sem mest fengu þeir, síðan fara þeir til Borgandarhólms. Þeir runnu þar upp, oc tóku upp bú Veseta þat er auðgazt var, ok ræntu hann því fè avllu, ok báru á skip síðan. Nú er ecki sagt frá ferð þeirra fyrr enn þeir koma til Jómsborgar. Pálnatóki geck jafnan með micklu liði á

kastala þann er var yfir sundinu; at tala þaðan við þá menn er komu til borgarinnar. Nú verðr hann varr við kvâmu þeirra Sigvalda; gengr Pálnatóki nú íkastalann með micklu liði, ok spyrr, hvern fyrir skipunum rèði. Sigvaldi segir: hér ráða fyrir brœðr tveir, synir Strútharaldz jarls, enn þat er örendi ockat, at við vildim ráðaz til liðs við yðr með þeim mönnum, sem þér þickja nýtandi í liði våru. Pálnatóki ræðz um við félaga sína, qvað sér kunniet um kynferði þeirra ok qvað þá vel borna. Þeir báðu Pálnatóka fyrir ráða; ok nú er lokit upp borginni, ok róa þeir í borgina, ok síðan reynt lið þeirra, oc var nýitr annarr helmingr, enn annarr fór í brott, ok eptir þat eru þeir brœðr í lög leiddir.

Veseti kemr [á fund Sveins konúngs].

10. Nú er þar til at taka er Veseti er ræntr búi sínu. Hann ferr á fund Sveins konúngs, ok segir honum hvat titt er, enn hann setr aptr sonu sína at öllum geysíngi ¹⁾). Konúngr ræðr honum þau ráð, at hann skal nú fyrst láta kyrt vera, enn ek mun senda orð Strútharaldi jarli, ok vita ef hann vilji gjalda fē fyrir sonu sína, svá at þú sér haldinn af, ok vil ek þá, at þú látir þér líka. Nú ferr Veseti heim, enn Sveinn konúngr sendir menn eptir Haraldi jarli, ok ferr hann á konúngs fund, ok segir konúngr honum hversu synir hans höfðu gert við Veseta, oc beiddi at

¹⁾ gjörningum, ȝ.

hann bætti fjárlutum fyrir þá, ok væri þá kyrt. Jarl sagði svá: ófeingit hefi ek enn þess fjárins, er ek mun fyrir þá boeta, þó at úngir menn taki sér nauteðr sauði til matar. Konúngr segir: þá máttu fara heim, því at ek hefi nú sagt þér, hvat ek vilda, enn þú ábyrgzt þig sjálfir ok fè þitt fyrir Veseta ok sonum hans. Haraldr jarl qvez vera óhræddr fyrir Veseta ok sonum hans. Eptir þetta ferr Haraldr jarl heim.

Sættargerð konúngs.

11. Veseti ok synir hans spyrja viðræðu þeirra konúngs, þeir búa skip þrjú sem bezt ok tvö hundruð manna, síðan fara þeir í Sjáland; þeir taka upp þrjú bú þau er auðgutz voru, þeirra er Haraldr jarl átti, ok fara heim eptir þat. Nú spyrr Haraldr jarl, at hann er ræntr; hann sendi nú menn ok bað hann sætta þá, ok qvez nú vilja þat gjarna. Sveinn konúngr segir: Haraldr jarl skal nú hafa ráð sín hin góðu, því at hann vill ecki hafa mín ráð; nú mun ek eiga í engan lut; fara sendimenn aptr ok segja honum svá búit. Jarl segir: vér munum þá verða at taka til várra ráða, ef konúngr vill hjá sitja. Haraldr Jarl býr nú tíu skip, ok ferr síðan í Borgundarholm, ok rænir þar Veseta þrem búum þeim er ei voru verri enn þau er fyrir honum voru tekin; vendir Haraldr jarl nú aptr ok þickir ofraðar vel geingit hafa. Veseti spyrr þetta, ok ferr hann þegar á konúngs fund. Konúngr tók vel við honum. Veseti mælti þá: þannveg legz nú á ofstund með

oss Haraldi jarli, at ek hygg at ófriðr muni göratz milli landzmannna, ef eigi áttu hlut í. Kann vera at þér þicki nú eigi verra enn síðarr. Konúngr segir: ek mun nú bráðliga til þess þíngs fara, er Íseyrarþíng¹⁾ heitir; mun ek þá boða til Haraldi jarli, ok skolu þit þá sættaz. Veseti ferr nú heim; líða nú stundir til þíngsins. Sveinn konúngr sækir nú þíngit með micklu fjölmenni, því at hann vill nú einn ráða milli þeirra; hann hafði fimmtígi skipa. Haraldr jarl átti skamt at fara, ok hafði hann tuttugu skip. Veseti ferr ok til þíngs, ok hefir fimm ein skip, enn synir hans voru eigi þar. Enn Haraldr jarl hefir sín tjöld upp stundu leingra frá sæ. Veseti setr tjöld sín við sæinn hjá sundi því, er þar geingr hjá þíngstöðinni. Ok er á leið qveldit, þá sá þeir fara frá heimili Haralds jarls tíu skip til þíngsins. Þeir leggja í lægi, ok síðan gánga þeir upp til þíngs, ok eru þar synir Veseta. Búi var ístarliga klæddr, því at hann hafði tignarklæði Haraldz jarls, er til komo tuttugu merkr gullz. Havtt jarls hafði Búi ok á havfði, þann er búinn var með tíu merkr gullz. Þeir havfðu ok tekit frá jarli kistur tvær, ok var í hvárrí níutígi merkr gullz. Þeir geingo framim á þíngit alvâpnadír ok með fylktu liði. Þá tekr Búi til orða: hitt er nú ráð, Haraldr jarl! ef þú þorir at berjaz, enda sè nöckur dáð í þér, at þú takir vâpn

¹⁾ Íseyrarþíng, 3.

þín, þvíat nú em ek búinn at berjaz við þík. Sveinn konúngr heyrði orð Búa, ok þickiz sjá, at hann mun eigi halda tign sinni, ef þetta ferr framm, geingr konúngr nú í milli þeirra, ok ná þeir eigi at berjaz, ok þar kemr nú, at hvârirtveggju hljóta at játa konúngs umdœmi, enn þat skorar Búi í sættina, at hann qvez aldrei mundu lausar láta gullkistur jarls; er þat ok mál manna, at hann þickir þat ent hafa. Síðan lýkr Sveinn konúngr upp sættargerðinni, ok ferr þaðan at: at þú, Búi! skalt laus láta tignarklæði jarls, enn gullkistör skaltu hafa báðar, þér skoluð ok gjalda aptr þau þrjú bú jarls, er tekin voru fyrir honum, með því móti at jarl skal gipta Tóvo dóttur sína Sigurði kápu, skal þetta vera hennar heim-anfylgja, þessi þrjú bú. Þeir taka nú vel þessu hvârirtveggjö, leggr Veseti til við Sigurð þriðjung allz fjár, ok þickir Sigurði it vænsta um qvânfáng sitt, fara þeir nú þegar af þíngino til bruðlaupsins; þángat buðu ok hvârirtveggjo Sveini konungi; er nú druckit bruðlaup þeirra Sigurðar ok Tóvo með mikilli tign. Veseti ferr nú heim ok setz um kyrt, ok er synir hans hafa skamma hrifð heima verit, þá fýsiz Búi at fara til Jómsborgar, ok auka svâ ágæti sitt. Sigurðr vill ok fara, þólt hann sè qvângaðr. Nú búaz þeir heiman broeðr, ok hafa tvö skip ok hundrað manna, ok vilja gera sem líkazt því sem gerðu synir Strútharalds [jarls]. Þeir koma til Jómsborgar, ok leggja utan at hafnar dyrum. Nú

gánga höfðingjar í kastala með micklo liði, kennir Sigvaldi menn þessa. Nú segir Búi sitt erindi, qvez vildi ráðaz þángat til liðs við Pálnatóka, ef hann vildi við honum taka ok þeim báðum brœðrum. Sigvaldi mælti þá: hversu hafi þér Strútharaldr sett málum yðrum áðr þér fóruð or landi? Búi segir: þat er laung saga um vår viðskipti, ok má ek nú ecki segja þér, enn sáttir erum vér eptir konúngs dómi. Nú mælti Pálnatóki við sína menn: vilji þér tilhætta, hvárt þessir menn segja satt eðr eigi, enn allfúss væra ek til þeirra, því at fáir munu slískir í vårö liði. Þeir segja: vér viljum at þú takir þá í lavg með oss, ef þér sýniz; enn ef nockurir lutir koma þeir upp síðan um hagi þeirra, er vér vitum eigi, þá sé þat sem annat á þínnum dómi. Eptir þat var lokit upp borginni, ok leggja þeir Búi nú skipum sínum í höfnina, ok [er] síðan reynt lið þeirra, ok þóttu þar áttatýgi manna hlutgeingt, en fjörutýgi fóro heim. Sitja nú enn í borginni með mikilli frægð, enn ero hvert summar í víking, ok vinna nú enn mavrg snildarbravgð.

Fra Vagni.

12. Nú er at segja frá Vagni Ákasyni, at hann var ýmist með feðr sínum eða með Veseta móðurföður sínum; hann var maðr svâ úeiriinn, at hann hafði drepit þrjá menn, þá er hann var níu vetra. Hann er nú þó heima þar til er hann er tólf vetra. Ok nú segir hann favður sínum, at hann fái honum lið, ok Áki fær honum hálfst

hundrað manna ok skip, enn Veseti fær honum ok hálf hundrað manna ok annat lángskip; ok er eindi sá maðr er honum fylgir ellri enn tvítugr ok eindi ýngri enn átján vetra, nema Vagn. hann var tólf vetra; hann qvaz mundo sjálfr fá sér vista ok våpna. Nú heldr Vagn á braut liði sínu, ok þarf nú brátt at fá til vista. Hann ferr fyrir endilánga Danmörk, ok havggr strandhögg ósparliga, rænir hann ok boeði herklæðum ok våpnum. Hann lettir eigi fyrr enn hann hafði bæði gnóg våpn ok klæði, áðr hann siglir or Danmörk. Hann heldr nú skipum sínum til Jómsborgar, ok kemr þar snemma dags, þegar í sólar upprás; hann leggr utan skipum sínum at steinboganum, enn höfðingjar borgar geingu framm með micklu liði, ok spyrja hverir komnir væri. Vagn spyrr ímót, hvárt Pálnatóki væri í kastala. Pálnatóki segir, at svá var, eðr hverr ertu, er svá lætr ríkmannliga? Ecki skal því leyna þik, at ek heiti Vagn, ok em ek Áka son, ok því hér kominn, at bjóða þér mitt lið, [at] ek þóttu eigi döll heima. Pálnatóki segir: þicki þér ráðit, frændi! at þú þickir hér dæll, ef menn mega trautt heima um þic tæla? Vagn mælti: logit er þá at mér, frændi! ef slíkir eru ei nýtir í lögum yðrum. Pálnatóki mælti þá til sinna manna: hvárt þickir yðr ráð, at vèr takim við þeim? Þat þicki mér ráð, segir Búi, ok er [hann þó 1] við mig bezt sinna frænda,

¹⁾ bætir inn i F.

at vér takim eigi við honum. Pálnatóki mælti; Vagn frændi! við þér rísa værir menn ok jafnt frændr þínir sem aðrir. Vagn segir: eigi varði mið þess, Búi frændi! af þér. Búi mælti: Þar em ek saðr¹⁾ at því. Vagn mælti: hvat leggja þeir til, synir Strútharalda? Sigvaldi mælti: hafa skolum við til þess einörð, at við vildim at þú köemir aldri í værn flock. Nú segir Pálnatóki: hversu gamall ertu, frændi? Vagn segir: ecki skal ljúga til þess, ek em tólf vetra. Pálnatóki mælti: þá mælir þú eigi lavg við oss, þvíat þú ert maðr mycklu ýngri, enn vér hafim í lavg tekna, ok bítr þetta fyrir, at þú mátt eigi hér vera. Vagn segir: ek mun ecki halda til þess at brjóta lavg þín, enn þá eru þau sízt brotin, ef ek em sem einn átján vetra eðr ellri. Pálnatóki mælti: haltu ecki til þessa, frændi! ek mun heldr senda þic til Bretlandz á fund Bjarnar; ok fyrir våra frændsemi, þá gef ek þér ríki þat hálfst, er ek à í Bretlandi. Vagn svarar: vel er þat boðit, enn ei vil ek þann. Hvar til ætlar þú, frændi! segir Pálnatóki, er þú vill eigi slíkt? Þat skal nú lýsa, segir Vagn, ek býð Sigvalda syni Strútharalda, athann leggi or borginni tveim skipum, ok reynum með oss, hvárir undan láta, eða hvárir meira hlut hafi; ok skal þat vera mark til með oss, at þér skoluð við oss taka, ef þeir láta undan, ella skolu vér í brutt leggja; ok eigt býð ek honum þetta með minna

¹⁾ sannr, F.

kappi, enn Sigvaldi beriz við oss; ef hann er óragr karlmaðr, ok hefir hann heldr mannz hug enn berkyqvendis ¹⁾). Pálnatóki mælti: hvárt heyrir þú, Sigvaldi! hvat Vagn segir, ok ecki vandar hann boð at þér; ok þat ætla ek, at þér komit í gilda raun, enn við þat er svâ mikil er ummælt, þá kann ek eigi at letja at þér leggit at þeim, ok gerit þeim þat illt er þér megit, enn eigi vil ek at þér drepit Vagn, þó at hann þicki eigi aldoeli. Eptir þetta herklæðaz þeir Sigvaldi, ok róa at þeim tveim skipum, ok þegar slær þar í harðan bardaga, láta þeir Vagn gánga grjót-hrif svâ harða, at þeir Sigvaldi máttu ecki annat gera enn hlífa sér, ok höfðu þó ærit at vinna. Þeir lögðu síbyrt, ok þegar er grjót fættiz ²⁾), þá láta þeir eigi þurfa at bíða havggvanna; enn svâ kemr því máli, at Sigvaldi lætr síga undan inn til landz, ok vill fá sér grjót, enn þeir Vagn þegar eptir, ok finnaz nú á landi, ok verðr Sigvaldi nú við at hravckva, ok er sjá mycklu meiri bardagi, fellr nú liðit Sigvalda. Þeir Pálnatóki eru nú i kastalanum, ok horfa á. Pálnatóki þickiz nú sjá hversu fara mun, kallar nú á Sigvalda, at þeir skyli hætta; þvíat yðr mun eigi endaz at þreyta þetta; er þat mitt ráð, at við takim við Vagni ok hans niönum, þó at hann sè ýngri enn í lavgum várum er mælt; ok er góð vân, at sjá maðr muni verða mikil kenpa at

¹⁾ blauðs kvikendis, F; berkvíkendis, F. ²⁾ tók at fakkast, F.

því er mér sýniz. Nú gera þeir sem Pálnatóki mælti, hætta nú bardaga ok taka við Vagni ok hans félögum, ok eru þeir nú lavgtechnir. Þrjátýgir manna höfðu fallit af Sigvalda, enn fáir af Vagni, enn margir voru sárir. Vagn fylgir þeim nú í hverja herför ok stýrir skipi, ok þickir nú eingi jafnmikill bardagamaðr sem hann. Þessu fór nú framm þrjú sumur. Nú er Vagn fimmtán vetra; þá tekur Pálnatóki sótt; lætr hann þá senda eptir Burizleifi konungi; ok þá er konúngr kemr til Pálnatóka, þá mælti hann: þat er hugboð mitt, herra konúngr! at ek muna eigi taka fleiri sóttir enn þessa. Konúngr mælti: þat er mitt ráð, at þú kjósir mann i stað þinn at skipa þeim málum, er þú hefir áðr fyrir sèð, ok sè sa höfðíngi í borginni, ok hafiz þér enn hér við. Pálnatóki segir, at honum þótti Sigvalda minnz tilskorta at sjá yfir mál manna, ok þicki mér þó alla þá naqvat skorta á þat, sem ek hefi verit. Konúngr mælti: opt hafa oss þín ráð vel gefiz, ok skal þetta enn hafa it síðarsta; skolu standa öll hin fornu lavg í borginni. Ecki er Sigvaldi þessa trauðr, ok geingr hann at allglatt. Nú gefr Pálnatóki Vagni frænda sínum hálft Bretland til eignar ok forráða með Birni hinum bretzka, ok bað Vagni virkþa á alla vega við liðit; ok litlu eptir þat andaz Pálnatóki, ok þickir þat öllum mönnum mesti skaði.

Svik við Svein konúng af Sigvalda.

13. Sigvaldi hefir skamma stund stýrt lögum þeirra, áðr nöcquð breytiz or því sem áðr var: þá våru konur þar tveim nóttum saman eða þrem, ok svâ eru menn nú or borginni leingr enn þá er Pálnatóki lifði. Verða ok stundum áverkar eðr einstaka víg. Burizleifr konúngr átti þrjár doetr: hét in elzta Ástríðr ok var hon hin vænsta kona ok hin vitrazta, avnnur hét Gunnhildr, þriðja Geira; hennar fæk Ólafr Tryggvason. Sigvaldi ferr nú á konúngs fund ok býðr honum tvâ kosti, at hann muni eigi vera í borginni, ella gefi hann honum Áztríði dóttur sína. Þat hafða ek ætlat, segir konúngr, at hon mundi þeim manni vera gipt, er tignari væri fyrir naðns sakir enn þú ert, enn þó væri mér nauðsyn, at þú værir í borginni, ok skolum vér ráða um öll saman. Konúngr hittir nú Ástríði dóttur sína, ok spyrr, hversu henni væri at skapi sá ráðahagr, at hon sè gipt Sigvalda. Ástríðr segir: þér satt at segja, þá vilda ek Sigvalda aldregi eiga, ok þat skal hann tilvinna at koma af avllum skavttum af landinu, þeim er vér höfum áðr goldit Danakonúngi, áðr hann komi í mína sæng. Honum er annarr kostr, at hann komi Sveini konúngi híngat, svâ at þú eigrir hans vald. Konúngr ber þetta nú upp fyrir Sigvalda, enn hann er fúss til ráðahags við Ástríði; kemr þar, at Sigvaldi játar þessu, ok binda þetta fastmælum, skal þetta komit framm fyrir hin

fyrstu jól, elligar eru avll mál þeirra laus. Sigvaldi ferr nú heim til Jómsborgar, ok litlu síðarr býr hann þrjú skip ok þrjú hundruð manna or borginni, ok ferr nú þar til er hann kemr við Sjáland. Hann hittir menn at máli, ok spyrr at Sveinn konúngr tekur veizlu skamt þaðan. Þá leggr hann skip sín við eitt nes, þar våru hvergi skip í nánd. Þat var skamt frá bœ þeim, er konúngr drack með sex hundruð manna. Þeir Sigvaldi snúa skipum sínum ok láta framstafna horfa frá landi, þeir teingja skip hvert af stafni annars. Síðan sendir Sigvaldi tuttugu menn á fund Sveins konúngs: ok segit honum svâ, at ek sé sjúkr ok at bana kominn, ok ek vilja fyrir eins finna hann, ok líf hans liggr við. Nú finna þeir konúng, ok bera upp þessi örendi. Konúngr bregz við skjótt, ok ferr þegar með sex hundruð manna. Enn er Sigvaldi verðr varr, at konúngr er kominn, þá lá hann á því skipi er first¹⁾ var landi. Hann mælti við sína menn: þá er þrjátýgir manna eru komnir á it skip, er næst er þlandi, þá skolu þér kippa bryggju af landi, ok mæla at menn troði eigi skipin svâ at savckve, ok get ek at konúngr gángi í syrra lagi, enn þá er tuttugu menn eru komnir á miðskipit, þá skolu þér þar kippa bryggjum. Nú er konúngr [er] kominn á skipit, þá göra þeir sem mælt var. Nú er konúngr kominn á skip Sigvalda við tíunda mann, þá spurði konúngr hyârt

¹⁾ fjæst, ȝ.

Sigvaldi hefði mál sitt. Honum var sagt, at móitr hans var sem minnztr. Konúngr geingr þá at reckju Sigvalda, ok spurði, hvárt hann mætti mæla. Sigvaldi svárar: lúttu at mér nú! Enn er konúngr laut at honum, þá tók Sigvaldi annarri hendi um þverar herðar honum, enn annarri undir hönd honum, ok þá kallaði Sigvaldi, at avllum skipum skyli í braut róa sem skjótaz, ok svâ gera þeir, enn menn konúngs stóðu eptir á landi ok sá á. Þá mælti konúngr: hvat er nú, Sigvaldi! viltu svíkja mig, eða hvat ætlar þú fyrir? Sigvaldi segir: eigi mun ek svíkja yðr, enn fara skolu þér til Jómsborgar, ok skolu þér vera þar velkomnir, ok ver skolum veita yðr alla virðing. Konúngr segir: þat munum ver nú ok þeckjaz; þeir fara nú til Jónisborgar, ok gera Jómsvíkingar veizlu mickla móti honum, ok kallaz hans menn. Þá sagði Sigvaldi konúngi, at hann hefði beðit til handa honum dóttur Burizleifs konúngs, er Gunnhildr hét, sú er vænster; enn mér er föstnuð systir hennar, er Áztríðr heitir; nú mun ek fara á fund konúngs ok vitja þessa mála fyrir þína hönd. Konúngr bað hann svâ göra. Sigvaldi ferr nú á fund Burizleifs konúngs með hundrað [manna ¹], ok talaz þeir við, lézt Sigvaldi nú kominn til ráða við Áztríði; göra þeir nú Burizleifr konúngr ok Sigvaldi ráð sitt. Eptir þat ferr Sigvaldi heim. Sveinn konúngr spurði, hversu geingi málin.

¹) þannig A; liði, R.

Sigvaldi qvað þat à hans valdi: ef þú konúngr vilt gefa upp Burizleifi konúngi skatta, áðr hann gipti þér dóttur sína, ok er þat meiri sómi báðum ykr, at þú eigrir þess konúngs dóttur, at eigi sè skattgildr. Svâ kemr Sigvaldi nú sínum fortavlum, at konúngr vill þenna kost; er nú áqvedin brullaupsstefna, ok skolu vera bæði senn bruðlaupin. Sækir Sveinn konúngr nú til veizlunnar, ok fylgja honum allir Jómsvíkingar, ok er þar ríkulig veizla, svâ at menn mundo eigi vegligra boð í Vindlandi. En fyrsta aptan hafa brúðirnar sifðsaldit, enn um morguninn eptir eru þær kátar, ok skupla þá ecki, ok hyggr þá Sveinn konúngr at yfirlitum þeirra, því at hann hafði hvâriga fyrr sêna, enn Sigvaldi hafði sagt, at sú væri konan vænni, er konúngr átti; enn konúngi leizt þá eigi svâ, oc þickir Sigvaldi hafa sagt eigi satt, sér nú konúngr allt ráð hans, ok færir þó í nyt sér allt þat, er honum þótti sér til virðingar snúaz mega. Nú er slitið veizlunni; ferr konúngr nú heim með konusinni, ok hafði þaðan þrjátýgi skipa ok mikit lið ok margar gersimar. Enn Sigvaldi ferr til Jómsborgar með konu sinni ok Jómsvíkingar með honum. Litlu síðar spyrjaz þau tíðendi or Danmörk, at Strútharaldr jarl er andaðr, faðir þeirra Sigvalda ok Þorkels, enn Hemíngr bróðir þeirra var úngr. Nú sendir Sveinn konúngr orð Sigvalda, at þeir köemi í Danmörk at erfa feðr sinn. Þeir sendu þau orð, at konúngr láti búa veizluna, ok spari

eigi fè þeirra, enn þeir qvoðuz mundu tilkoma um vetrnátta skeið. Þetta sýniz flestum mönnum óráðlict, ok gruna at vinátta þeirra Sveins konúngs ok Sigvalda muni grunn vera, þannveg sem farit hafði, enn þeir vilja ecki annat enn fara. Þeir búaz nú or borginni Jómsvíkíngar, ok hafa hálft annat hundrað skipa, fara þeir nú í Sjáland. Sveinn konúngr er þar fyrir, ok búin ágæt veizla. Þar er ok allmikit fjölmenni. Sveinn konúngr lætr nú þegar et fyrsta qveld bera þeim Jómsvíkíngum enn sterkaða dryck, enn þeir drecka ok afar fast. Sveinn konúngr finnr nú, at þeir görarz dauðdrucknir oc málgir mjög; þá tekur Sveinn konúngr til orða: hér er nú glaumr mikill, væri nú þat sæmilikt, at verð tækim upp gleði nöcqverja til skemtanar mönnum, þá er menn hefði at minnum eptir síðan. Sigvaldi segir: Þat þickir oss upphafligaz ok bæzt¹⁾ fyrir sèð, at þér hefið fyrst, því at verð eignum allir til yðvar lúta. Konúngr mælti: Þat veit ek menn göra at veizlum slíkum, at hafa fram heitstreingíngar til ágætis sér; nú svâ sem þér eruð ágætir um avll lavnd, svâ mun þat ok af bera, er þér mælit um. Nú mun ek fyrir göra. Ek streindi þess heit, at ek skal rekit hafa Aðalráð Einglakonúng af ríki sínu fyrir hinar þriðju vetrnætreða feldan hann elligar, ok náð svâ ríki. Nú áttu Sigvaldi, ok mæl þú eigi minna um! Hann qvað svâ vera skyldu: herra! þess streindi

¹⁾ það er bezt.

ek heit, segir hann, at ek skal herja í Noreg fyrir enar þriðju vetrnætr með því liði er ek fæ til, ok hafa eltan or landi Hákon jarl eða drepit, eða liggja þar eptir. Þá segir konúngr: Nú ferr vel at, segir hann, ok er þessa vel heitstreingt, ok ver hálfu at heilli, ok efn þetta vel! Nú áttu Porkell enn háfi! ok er einsætt at láta verða stórmannliga. Porkell segir: hugat hefi ek mína heitstreingíng, at fylgja Sigvalda bróður mínum ok flýja eigi fyrr enn ek sè á skutstafn skipi hans. Þetta er hraustliga mælt, ok þetta muntu vel efna. Þú, Búi digri! segir konúngr, nú áttu, ok muntu nacqvarninn merkiliða láta verða. Þess streindi ek heit, segir Búi, at ek skal fylgja Sigvalda í favr þessa, sem ek hefi karlmennzku til, ok haldaz við meðan Sigvaldi vill. Svà fór, sem vér gátum, segir konúngr, at sköruliga mundi verða af þinni hendi. Nú áttu, Sigurðr kápa! eptir bróður þínum. Skjótt er þat, segir Sigurðr, ek skal fylgja bróður mínum, ok flýja eigi fyrr enn hann, eða hann er dauðr. Slíks var vân, segir konúngr. Nú áttu, Vagn! segir konúngr, ok er oss mikit um at heyra þína heitstreingíng; þér eruð kappar micklir, frændi! Vagn mælti: þess streindi ek heit, at fylgja Sigvalda í favr þessa, ok Búa frænda mínum, ok haldaz við meðan Búi vill, ef hann er líss; þat skal ok fylgja þessi heitstreingíng, ef ek kem í Noreg, at ek skal drepa Porkel leiru, enn gánga í reckju Íngibjargar dóttur hans án frænda ráði. Björn

enn bretzki var þar með Vagni. Þá mælti konúngr: Hvers streingir þú heit, Björn? Hann segir: fylgja Vagni fóstra mínum svâ sem ek hefi dreingskap til. Nú slítr tali þessu, ok fara menn at sofa. Sigvaldi ferr í reckju hjá konu sinni Áztríði ok sofnar hann brátt ok fast, ok er hann vaknar, spyrr Áztríðr, hvárt hann muni heitstreingíng sína; hann qvez ei muna. Hon mælti: eigi mun þér at því verða, sem eingi hafi verit, ok sagði honum, ok mun bæði viðþurfa vitz ok ráðagerðar. Sigvaldi mælti: hvat skal nú til ráða taka? Þú ert vitr ok góðráð. Eigi veit ek þat, segir hon, enn til skal nacvat leggja, því at þú hefir lítinn styrk síðarr af Sveini konungi, ef þú fær nú eigi. Eptir þetta gera þau ráð sín. Kemr Sveinn konúngr í sæti sitt oc allir Jómsvíkingar. Sigvaldi var kátr mjög. Sveinn konúngr spyrr þá hvárt Sigvaldi myndi heitstreingíng sína. Sigvaldi qvez eigi muna. Konúngr segir honum nú. Sigvaldi qvað avl annan mann, eða hvat muntu tilleggja, at ek efna mína heitstreingíng. Konúngr qvez ætla, þá er Sigvaldi er búinn, at hann muni tilleggja tuttugu skip. Sigvaldi segir: þat er gott tillag einum bónða, enn ecki er þetta konunglikt. Þá mælti Sveinn konúngr, ok varð nöckut brúnölfur ¹⁾: hversu mikils beiðiz þú? Sigvaldi segir: skjótt er þat, sextýgi stórskipa, enn ek mun fá í staðinn eigi færi, þó at smæri sè, því at ósýnt er, at ayll komi apr.

¹⁾ reiðugligr, f.

Þá mælti konúngr: búin skolu avll skipin þá er
 þú ert búinn. Þá er vel viðorðit, segir Sigvaldi,
 ok end þetta vel, þvíat nú skal þegar fara er
 lokit er veizlunni. Þá varð konúngr hljóðr, ok
 mælti: vân bráðara efna skal þetta, enn þó réz
 þetta skjótara enn ek ætlaða. Þá mælti Áztriðr
 kona Sigvalda: eigi er þess vân, at þér sigriz á
 Hákon jarli, ef hann fréttir fyrir, ef èr sigriz
 þó eigi, at hann viti aunga vân í. Nú skipa
 þeir þegar til ferðarinnar þar at veizlunni.
 Tóva dóttir Haraldr jarls mælti við Sigurð bónða
 sinn: þess vil ek beiða þik, at þú fylgir sem
 bezt Búa bróður [þínum¹], þvíat hann hesir
 mart vel til míni gert, enn ek mun þat í litlu
 sýna. Hér eru menn tveir, Búi! er ek vil gefa
 þér, annarr heitir Hávarðr höggvandi, enn
 annarr Áslákr hólmskallli. Búi þiggr meðnina,
 ok biðr hana hafa þavek fyrir. Búi gefr þegar
 Áslák Vagni frænda sínum. Nú slítr boðit, ok
 búaz Jómsvíkingar þegar af veizlunni, ok eptir
 þat fara þeir ok hafa hundrað stórskipa. Þeim
 gaf vel byr ok taka Vík í Noregi. Þeir koma
 síð um aptan til böjarins í Túnbergi á úvart.
 Sá maðr hét Geirmundr²) hvíti lendr maðr, er
 böenn varðveitti; ok er herrinn kom í böenn,
 þá toku þeir náliga allan bænn upp, drápu
 mart manna, ok ræntu orðsi seár, þeir vöknudu ei
 við góðan draum. Geirmundr yaknar ok þeir

1) gízkat; þíns, R. 2) Avgmundr, A; F. 11. 11. 12. C

er sváfu í herberginu næst honum, þeir hlaupa upp í lopt þat, er þeir þóttuz leingzt mega verjæzt. Þá drápú Jómsvíkingar at loptinu, ok havggva loptit í ákafa. Sér Geirmundr at þeir munu þar litla hrið fá variz, tekur hann þat ráð, at hann hleypr ofan or loptintu á strætið, ok kemr standandi niðr. Vagn varð nær staddir ok höggr þegar til hans, ok tók af höndina, ok fylgði gullhríngi. Geirmundr kemz við þetta til skógar. Hann fór um meirkr sex dægr, síðan kemr hann til byggða, ok leitar norðr á sílkt er hann má nött ok dag. Hann spýrr hvar Hákon jarl er á veizlu á boe þeim er á Skugga heitir með hundrað manna. Geirmundr kom síð um aptan, ok sat jarl við dryckju. Geirmundr geck fyrir hann oc qvaddi hann; jarl spýrr hverr kann væri, enn hann sagði. Jarl spýrr tíðenda. Geirmundr segir: "lítill tíðendi eru enn, enn geraz mætti þetta at tvoendum." Hvátpá? segir jarl. Geirmundr mælti: "herr er kominn f landit austr í Vik, ok fara með styrjöld mikilli ok ófriði. Þá mælti jarl: veit ek at þú munat eigi segja hersögu nema sánni sé, eða hverr ræðr fyrir her þessum? Geirmundr mælti: Sigvaldi heitir så er fyrir ræðr, ok heyrða ek nefnda Búa ek Vagn, tok hefi ek þess nöcqverjar minjar, ok bregðr upp hendiðini, ok sýnir honum stúfinn. Jarl mælti: illa ferdu leikinn ok sárliga, eða vissir þú hverr þér veitti þetta sár? Geirmundr mælti: ræð ek at likendum, því at þeir

mæltu þat, þá er sá tók upp hrínginn er fylgði hendinni: fenaði þér nú, Vagn! sögðu þeir, enn mér þótti sem herrinu héti Jómsvíkingar. Jarl mælti: sannfróðr muntu um þetta, enda munda ek þessa sízt kjósa.

Liðsafnaðr.

14. Jarl ferr þegar af veizlunni, ok stefnir ofan til Raumsdals, hann gerir menn alla vega frá sér, ok lætr heravrvvar uppskera, hann sendi ok menn norðr í Þrándheim til Sveins sonar síns, að hann safni liði um Þrándheim. Eiríkr jarl ferr norðr til Naumudals, ok svá hit ytra norðan um Norðmæri ok um eyjar; skyldi liðit saman koma í ey þeirri er Havðheitir. Erlíngr son jarls fór um Rogaland, Hákon jarl sjálfr um Sunnmæri ok Raumsdal. Þeir koma nú saman herinum avllum undir eyna Havð, ok á vagr þann er Hjavréungavagr heitir, ok hafa þeir aukin þrjú hundruð skipa. Nú ráða þeir ráðum sínum. Nú er at segja frá Jómsvíkingum, at þeir fara sunnan með landi, ok flyr undan þeim allir þeir er því koma við, ok þó drepa þeir fjölda fólks ok höggva stór strandhavgg. Nú sigla þeir norðr fyrir Staði, ok leggja at Hereyjum, ok var þá enn ecki spurt til jarls. Þeir leggjaz þar með allan flotann; þeir þickjaz þá þurfa strandhavggva. Vagn ferr þá með skeið sína til eyjar er Höð heitir. Þeir finna þar mann, ok rekr fyrir sér þrjár

kýr ok geitr tólf. Vagn spurði hann at nafni. Hann qvez Úlfr heita. Þá mælti Vagn: rekið ofan fèit til strandar! Hverr er sjá maðr? segir Úlfr; hann sagði. Úlfr mælti: svâ þætti mér, ef þér erut Jómsvíkingar, sem vera mundi stærri slátra efni, ok eigi allfjarri komin. Vagn segir: seg þú oss, ef þú veizt nöcqut til jarls, ok muntu undan koma bæði kum þínum ok geitum. Úlfr mælti: hér lá hann í gær qveld einskipa fyrir innan eyna á Hjörungavâgi. Þá segir Vagn: þá skaltu fara með oss, ok segja oss leið. Nú geingr hann á skip með Vagni, ok snúa þeir þegar til Hereyja ok sumt liðit. Búaz þeir nú Jómsvíkingar sem til bardaga, þótt Úlfr tæki auðvelliga. Nú grunar Úlfr at þeim muni þickja fleiri skipin, fleygir sér nú utan borz ok til sunz, enn Vagn grípr snæris spjót, ok keyrir á honum miðjum, ok lætr Úlfr þar líf sitt. Þeir Jómsvíkingar sjá nú at vâgrinn er allr þakið af skipum, ok fylkja nú þegar liði sínu. Leggr Sigvaldi framm í miðri fylking, ok þorkell bróðir hans á aðra hönd honum; Búi ok Sigurðr bróðir hans í fylkingar arm enn nyrðra, enn Vagn Ákason ok Björn enn bretzki í enn syðra. Hjörungavâgr er svâ háttar, at sker liggr í miðjum vâginum, enn ey fyrir norðan er Primsignd heitir, enn Havrund liggr fyrir sunnan. Nú sjá jarlar hvar Jómsvíkingar eru komnir, ok nú skipa þeir sínu liði í móti. Þeir ætla Svein jarl Hákonarson móti Sigvalda, ok Guðbrand af

Davlum, Styrkar af Gymsum; móti Þorkatli bróður hans Yrjarskeggi, annarr Sigurðr steiklíngr af Hálogalandi, [þriði ¹⁾] þórir hjörtr; í móti Búa Þorkell miðlángr, Hallzsteinn kerlíngr, Þorkell leira; móti Sigurði kápu þeir feðgar Arnmóðr ok Árni ok Fiðr; móti Vagni Eiríkr jarl Hákonarson, Erlíngr af Skugga, Geirmundr hvíti; móti Birni [hinum] brezka Einarr litli, Hávarðr af Flyðrunesi. Enn Hákon jarl skal leika lauss ok styðja allar fylkíngar. Fjórir voru íslenzkir menn með þeim feðgum: Skáldmeyjar - Einar ²⁾ skáld jarls. Hann hljóp þá upp á bryggjuna, ok mælti: til Sigvalda skal ek; jarl sá tímir aungu, ok þá qvað hann:

Sækjum jarl þannz auka
úlfss verð þorir sverðum,
hlavðum vèr borð á barða
baug - skjöldum Sigvalda;
drepr eigi svâ sveigir
sárlinnz, er gram finnum,
(ravnd berum út á andra
Endils) við mér hendi.

Nú finnr jarl at Einarr vill í brutt, ok biðr at hann komi til tals við hann; síðan tekr jarl skálar góðar gervar af brendu silfri ok gyldar allar, ok fylgðu tvö met, annat af gulli, enn annat af silfri; þar var á líkneskja mannz, ok hètu þat hlutar, ok fylgði sú náttúra, at þá er jarl lagði þá í skálirnar, ok qvað á hvárt skyldi merkja,

¹⁾ bæta við F, J.

²⁾ Skjaldmeyjar-Einar, A, F, J.

ok ef sá kom upp er hann vildi, þá [breylti ¹] sá í skálinni, svâ at glamm varð af. Jarl gaf Einari skálirnar, ok varð hann glaðr við, ok síðan kallaðr Einarr skálaglamm. Annar hét Vígfüss son Vígaglúms. Þórðr hét enn þriði, er avrf-havnd [var kallaðr]. Fjórði Þorleifr skýma ²), son Þorkels or Dýrafirði; hann feck sér kylfu í skógi eða hálf ró telði ³), ok svíðr í eldi, ok hefir í hendi. Hann fór á skip Eiríks jarls. Jarl mælti: hvat skal þér klumba sú in mickla? Þorleifr qvað:

Hefi ek i hendi til havfuðs gerfa beinbrot Búa, bavl Sigvalda, vá víkinga,	vavrн Hákonar; sjá skal verða, ef vér lifum, eiki - kylfa óþavrf Davnum.
--	--

Vígfüss var ok á skipi Eiríks jarls, hann tók spjót sitt ok hvatti; [ok áðr þeir berðiz, qvað hann vísu þessa ⁴]:

Oss er leikr enn lauka
liggr heima vinr feimo,
þrýngr ⁵) at Viðris veðri ⁶)
vandar ⁷) goð ⁸), fyrir havndum;
loð ⁹) qveð ek hæla bosa ¹⁰),

¹) A; bravlti, J; breytti, R. ²) skúma, A, F, J.
³) hálf rót elldi þat, A, máskē réttara hálfró, telldi þat; eða rotelldi, J. ⁴) bætir við F. ⁵) þraungr, F, J. ⁶) varð, J. ⁷) vöndr, J. ⁸) gëðr, F, J. ⁹) hlijss, F; hlys, J. ¹⁰) hel ab ossa, F; hæla bossa, J.

hann vættir sér annars
viss¹⁾ und vavrmum bægi,
ver skreytom spjör neyta.

Nú síga saman fylkíngar, ok hefz þar ákavf orrosta, ok var hvârigum sóknar at frýja. Er svâ sagt þar sem þeir Sigvaldi eigaz við ok Hákon jarl ok Sveinn jarl, at þar standi við, ok láti hvârigir undan síga sín skip. Jafnleikit var ok með þeim Eiríki jarli ok Vagni. Enn þar sem Búi sækir framm ok þeir bræðr, varð þeim Búi stórhavgr, ok þickir betra fírr honum, láta þeir síga undan skipin, rær Búi á bug mikinn á fylkíng jarla, var þar óp mikit ok ákafr lúðragángr. Nú sér þetta Eiríkr jarl, leggr hann nú til þángat, ok leggr at Búa, varð þar hin grimmazta atlaga, getr jarl rétta fylkíng sína ok ecki betr; heyra þeir óp mikit til þeirra Vagns, röer jarl þá þángat, hefir Vagn þá gert mikit fletroð²⁾, hafði geingit í gegnum fylkíng jarls, ok leystan allan þann arminn; ok er Eiríkr jarl sér þetta, þá leggr hann járnbarðann síbyrt við skeiðna Vagns, ok berjaz nú af nýjö; ok er þat alsagt, at ei hafi ein sókn röskligri verit; ok í því bili hlaupa þeir Vagn ok Áslákr hólmskalli upp á barðann framm í, ok geingr með sínu borði hvârr, ok ryðjað svâ um, at allt hravckr fyrir. Áslákr hefir beran skallann, ok þó at þeir höggyi í hans skalla, þá, beit eigi heldr enn þeir hravckþi tálkniskiði. Þá var veðr

¹⁾ vís, ȝ. ²⁾ mikinn bug á liði hans, F.

gott ok heitt af skini, ok fóru margir menn af klæðum. Þeir Vagn ok Áslákr drepa nú marganmann. Nú [eggjar] Eiríkr jarl menn sína í ákafa, þá tekur Vígfúss Vígaglúmsson nessteðja mikinn ok rekr í höfuð Ásláki, ok nefit söckr þegar á steðjanum, ok fellr Áslákr þegar ok lætr líf sitt; enn Vagn geingr með avðru borði, ok drepr menn í ákafa. Þorleifr skúma hleypr móti honum, ok lýstr til Vagns með eikikylfunni, þat havgg kom á hjálminn ok varð svâ mikit at hjálmrinn rifnaði, enn Vagn hallaðiz út atborðinu, oc skaut við Þorleifi sverði, enn stiklaði við þat út yfir borðit, ok á skeið sína, oc barðizt et snarpligzta. Eiríkr jarl leggr þá frá barðanum, því at hann var mjög svâ ruddr framan at siglu; þá hafði ok Hákon jarl lagt at landi avllum herinum, ok varð nú á hvíld nöckur á bardaganum, ok hittaz þeir feðgar allir samt. Hákon jarl mælti: þat þickjumz eksjá, at á oss tekr at hallaz bardaginn, ok hugða ek til þess verst at berjaz við þessa menn, enda reyniz mér at því; nú mun oss eigi hlýða svâ búit, nema vér takim nackvat gott ráð, mun ek gánga á land upp, enn er sèð eptir með herinum á meðan, ef þeir leggja at. Nú ferr jarl upp í eyna Primsignd, ok geingr í skóg á brutt, ok legz nið á knè ok biðz fyrir, ok horfir í norðr. Þar kemr bönar orðum hans, at hann skorar á fulltrúa sinn Þorgerði havlgabréði; enn hon vill eigi heyra bönn hans, ok er hon reið. Hann býðr henni mart í

blótskap, enn hon vill ecki þiggja, ok þickir honum úvænt um. Þar kemr at han býðr henni mannblót, enn hon vill eigi þiggja. Hann býðr henni um síðir son sinn er Erlíngr hét sjö vetr gamall, ok hon þiggr hann; fær jarl sveininn nú í hendr Skopta þræli sínum, ok ferr hann ok veitir sveininum skaða. Eptir þat ferr jarl aptr til skipa sinna, ok eggjar nú lið sitt af nýjö: ok veit ek nú víst at oss mun sigrs auðit, ok gángit nú framm at betr, því at ek hefi heitit til sigrs oss á þær báðar systr Þorgerði ok Irpu. Nú geingr jarl á skip sitt, ok búaz um af nýjö, ok síðan greiða þeir atróðrinn, ok tekz þar nú af nýjö enn grimmazti bardagi; ok því næst tekr veðrit at þyckna í norðr, ok dregr yfir skjótt, líðr ok á daginn; því næst flugu eldíngar ok reiðar, ok því næst gerir á èlmikit; þeir Jómsvikíngar áttu at vega í gegn veðrinu; þetta èl var með svâ micklum býsnum, at menn máttu varla standaz, enn menn höfðu áðr farit af klæðunum fyrir hita sakir, enn nú tók at kólna, sækja þó bardagann frýjolaust, ok þó at þeir Jómsvikíngar kastaði grjóti eða våpnum, eða skyti spjótum, þá bar veðrit þat aptr á þá allt, ok þar með våpnagángr sinna óvina. Hávarðr havggvandi sá fyrstr Havlgabréði í liði Hákonar jarls, ok margir sá [þat¹] ófreskir menn; ok þá er lítt að linaði èlinö, sá þeir at avr fló af

¹⁾ bætir inn í A; ok marger aðrer sjá þetta, þótt ei sé ófresker, f.

hverjum fíngri flagðinö, ok varð maðr fyrir hverri,
 ok [sjá] þeir Sigvaldi, ok hann mælti: eigi þicki
 mér þá sem vér berimz við menn eina, enn þó
 er nauðsyn at hvern dugi sem má. Þá er nöck-
 uð linaði èlino, heitr jarl í annat sinn á Þor-
 gerði, ok qvez nú hafa mikit tilunnit. Nú tekr í
 annat sinn at ravckva at èlino, ok er nú mycklo
 meira ok harðara enn syrr; ok þegar í avnd-
 verðu èlino, þá sér Hávarðr höggvandi, at tvær
 konur eru komnar á skip jarls, ok hafa eitt at-
 ferli. Sigvaldi mælti þá: nú vil ek bruttblýja,
 ok geri svâ allir mínrí menn; ecki streingðu vér
 þess heit at berjaz við travll, er nú ok því verra
 enn áðan, at nú eru tvav slavgð. Nú leysir Sig-
 valði skip sitt, ok kallar á þá Búa ok Vagn, at
 þeir skyli flýja. Vagn mælti at hann skyldi
 fara manna armaztr. Ok í þessu svarfi hleypr
 Porkell miðlángr af skipi sínu á skip Búa, ok
 havggr þegar til hans, ok berr þetta allt at bráð-
 um, havggr af honum yavrina ok havkuna alla
 frá niðr í gegnum, ok sjúka tennrnar or höfð-
 inu. Þá mælti Búi: vesna mun nú hinni davnsku
 þickja at kyssa oss í Borgundarhólmi. Búi
 höggr þá í móti til Porkels, enn hallt¹⁾ var á
 skipinu, ok fellr hann á skjaldrimina, er hann
 vildi forða sér, ok kom höggit á Porkel miðjan,
 ok tók í sundr í tvâ hluti við skipsborðinu. Ok
 þegar eptir þat tók Búi gullkistur sínar, ok kall-
 aði hátt: fyrir borð allir Búaliðar! ok hleypr

¹⁾ halt, f.

síðan fyrir borð með kisturnar. Þá dregz Sigvaldi út frá flotanum; þá qvað Vagn vísu þessa:

Sigvaldi hefir setta
sjálfa oss und kylfu,
enn fárhugaðr flæði ¹⁾
fór heim til Danmarkar;
hyggr í faðm at falla
fljótt aurr ²⁾ konu sinni,
enn fyrir borð et breiða
Búi geck með hugrecki.

Sigvalda hafði orðit kallt ok hleypr hann til ára ok rær, enn annarr stýrði. Þá fleygir Vagn spjótinu at Sigvalda, enn sá varð fyrir er stýrði, ok nísti þann út við borðit. Porkell háfi sneri þegar í brött, er Sigvaldi var farinn, ok svá Sigurðr kápa, þegar er Búi var fyrir borð geinginn, ok þickiz hvártveggi efnt hafa sína heitstreingíng, þeir hafa fjögur skip ok tuttugu, fara heim til Danmerkr. Í því hljóp at Sigmundr Brestisson, enn mesti kappi, ok sótti Búa, ok lauk svá at Sigmundr hjó af Búa báðar hendr í úlflið. Þá stack Búi handar stúfunum í hríngá á kistunum, ok kollar hátt: fyrir borð allir Búaliðar! Nú er at segja frá Vagni, at hann tekur nú af nýjö dreingiliga vörn ok allir hans menn, geingu þeir þá ok allir á skeiðina er væpnfærir voru. Enn Eiríkr jarl ok margir aðrir höfðingjar lavgðu þá at skeiðinni, ok varð þar þá en snarpazta orrosta; kom þá at því sem mælt er,

¹⁾ fá hróðigr flýði, *ȝ.*

²⁾ und, *A*; vin, *F*; nú, *ȝ.*

at ecki má við marginum; felli þá svâ gersamliga menn Vagns, at þeir urðu eigi eptir meirr enn atta tígir manna, vavrðu þeir þá lyptíngina á skeiðinni, gerði þá svâ myrkt af nótt, at eigi var vígljóst. Lætr Eiríkr jarl þá taka reiðan allan frá skipino ok frá öllum skipum, ok róa við þat frá. Létu nú halda vavrð yfir skipunum um nöttina, enn skjóta yfir sik skjöldum, ok eiga at hrósa sigri micklum. Síðan vega [þeir 1] í skálum haglkornin, at reyna ágæti þeirra Þorgerðar ok Irpu, ok væ eyri eitt kornit. Nú talaz þeir Vagn ok Björn enn bretzki við, hvat til ráða skaltaka: annat tveggja, segir Vagn, að bíða hér dags, ok láta handtaka oss, ella leita til landz, ok göra þeim nockut íllt, ok forða oss síðan. Þá taka þeir siglutrèit ok rána, ok flytjaz þar áttatýgir manna í myrkrinu. Þeir komuz í skerit ok voru þá raun mjög þrekaðir flestir af sárum ok kulda, var þá ok ecki fært leingra; létuz þar tíu menn um nöttina. Enn er lýsti um morguninn, fóru jarls menn at binda sár sín, þá heyrðu þeir at streingr gall, ok fló avr af, ok varð þar fyrir Guðbrandr frændi jarls, ok þarf hann eigifleira. Þeir róa nú til ok kannu skipin, ok á skipi Búa finna þeir Hávarð havggvanda íendan 2), ok voru undan honum báðir foetr. Hann mælti þá:

¹⁾ F. ²⁾ einn mann, þann er fandr var ok litlo meirr, A; einn mann, þann er líf hafði, F; eirn mann lifanda enn ei fleiri, Z.

hverr lét sveina sígaz áðan fyrir skoti mínu? Þeir segja. Hávarðr mælti: minna varð þá happ mitt enn ek vilda, jarli hafða ek ætlat. Þeir drápu þá Hávarð. Eiríkr jarl geck þar hjá sem Þorleifr skúma stóð, ok spurði: hví ertu þaunveg yfirlitz sem [þú¹] sér at bana kominn? Hann segir: eigi munda ek vita nema blóðrefillinn hans Vagns kœmi við mig líttar í goðr, er ek laust hann kylfuhöggit. Jarl mælti: illa hefir þinn faðir þá haldit [út álandinu²], ef þú skalt nú deyja³. Þetta heyrði Einar skálaglamm ok qvað vísu:

Þat qvað jarl at æri⁴)
unnvigs⁵) fyrir haf sunnan,
þá er á seima - særi
sár-elda-spor⁶) váru:
ayllúngis hefir illa,
ey-baugs ef skal deyja
(yér hyggjum þat) viggja
valdr þinn faðir haldit.

þá deyr Þorleifr.

Reyndir Jómsvikingar.

15. Nú sjá Þeir hvar menn eru margir í skerinu, biðr jarl nú fara eptir þeim ok taka havndum, róa nú til þeirra, ok vörðuz Þeir þá ecki, voru þar þá fluttir til landz sjötýgir manna;

¹) sú, R. ²) Islandi, J. ³) bætir við A; illri heill hefr þú farit af þínó landi, ef o. s. f. F. ⁴) æri, A; væti, J. ⁵) brennigs, J. ⁶) spjör, A.; spör, J.

lét jarl setja þá alla í einn streing. Þá voru skip þeirra flutt avll at landi ok skipt avllum feárlutum þeirra. Síðan brjóta jarlsinenn upp vistir sínar ok snæða, ok gambra allmikit; ok er þeir ero mettir, gánga þeir þángat sem band-íngjarnir voru, ok var Porkell leira ætlaðr til at havgva þá Jómsvíkinga. Þá voru leiddir þrír menn or streinginum, þeir voru sárir mjög, enn þraelar voru settir til at varðveita þá ok snúa vönd í háríð. Porkell leira geingr nú at havgva havfuð af þeim, ok mælti síðan: finná þér nöcqut at mér hafi brugðit við þessa sýslu? Því at þat mæla margir, ef maðr höggr þrjá menn. Eiríkr jarl segir: ecki sjám ver þér við þetta bregða, enn þó sýniz oss þér mjög brugðit. Þá var leiddr enn fjórði maðr ór streinginum, ok snúinn vöndr í hár, sá var sárr mjög. Porkell mælti: hversu hyggr þú til at deyja? Gott hygg ek til bana míns, þat mun mér verða sem mínum föðr. Porkell segir, hvat þat væri. Hann segir: högg þú! dó hann. Þá havggr Porkell þann. Þá var tilleiddr enn fínti, ok spyrr Porkell, hversu hann hygði til at deyja. Hann segir: eigi man ek þá lavg Jómsvíkinga, ef ek qvíði við bana, eða mæla ek æðruorð, eitt sinn skal hyerr deyja. Höggr Porkell þann. Nú ætla þeir at spyrja hvern þeirra, áðr þeir sè drepnir, ok reyna svâliðit, hvárt svâ sè fræknt, sem sagt er, ok þickir þá reynt, ef eingi mælir æðruorð. Þá var tilleiddr enn sjötti maðr, ok snúinn vöndr í hár.

Porkell segir með sama hætti. Honum qvez gott
 þickja at deyja við góðan orðztír, enn þú, Porkell! munt lifa við skavmm. Höggr hann þenna.
 Þá er þángat leiddr enn sjöundi, ok spyrr Porkell eptir vanda. Ek hygg allgott til at deyja; enn þú högg mig skjótt! ek held á týgilknífi, því at vér höfum átt opt um at ræða Jómsvíkingar, hvárt maðr vissi nöcqvat, ef hann væri allskjótt höggvinn, þá er höfuðit væri af; enn þat mun til merkis, at ek mun vísa framm knífinum, ef ek veit nöckuð, ella mun hann niðrfalla. Porkell höggr þann, ok fauk af havfuðit, enn knífrinn fell niðr. Þá var tekinn enn átti maðr, ok spurði Porkell eptir vanda. Hann qvez gott til hyggja; ok þá er honum þótti sem skamt mundi at biða: hrútr! segir hann. Porkell stavðvaði havggit, ok spurði, hví honum yrði þetta á munni. Hann segir: þó mon eigi ofskipat til anna þeirra, er þér nefndut fóær jarlsmenn, þá er þér fenguð áverka. Manha armaztr! segir Porkell, ok lætr skjalla honum höggit. Þá var leystr enn níundi maðr. Porkell segir eptir vanda. Hann segir: gott hygg ek til bana míns sem allir værir félagar, enn ek vil eigi láta mig havggva sem sauð, heldr vil ek sitja fyrir, enn þú havgg framan í andlit mér, ok hygg at vandliga, hvárt ek blavskra nöckut, því at vér höfum þar opt átt um at ræða. Nú er svá gjort, at hann sitr fyrir, enn Porkell geingr at framan, ok havggr í andlit honum, ok blavskrar hann

eigi, nema sigusaman augu, þá er dauðinn fór á. Þá var tilleiddr enn tíundi maðr, ok spyrr Porkell, enn hann segir: þat vil ek, at þú bíðir meðan ek bjarga brókum mínum. Þat skal veita þér, segir Porkell. Ok er hann hafði þat gjort, mælti hann: mart verðr annan veg enn maðrinn ætlar: ek hugða at koma í reckju hjá Þóru Skagadóttur konu jarls, ok hristi félagnann, kippir upp síðan brókunum. Hákon jarl mælti: havgg þenna sem tíðaz; sjá hefir leingi illt haft í hug; havggr Porkell þann. Þá var leiddr til maðr úngr, sá hefir hár mikil ok gult sem silki. Porkell spyrr eptir vanda. Hann segir: lifat hefi ek nú et fegrsta, þeir hafa nú látið líf fyrir skavmmu, er mér þickir ecki ívert at lifa, enn eigi vil ek at mik leiði þrælar til höggs, heldr sá maðr, er eigi er verri dreingr enn þú, ok mun sá óvandfeinginn, ok haldi hárinö frá frá höfðino ok hnycki hayfðinu, at hárit verði eigi blóðuct. Hirðmaðr einn geingr til ok tekur hárit, ok vefr um hönd sér, enn Porkell höggr með sverðinu, ok í því hnyckir hann hayfðinu, ok hlýtr sá havggit er hjelt, ok tók af hendr báðar í avlboga bótum. Hinn sprettr upp ok mælti: hvern á hendr í hári mér? Hákon jarl mælti: stór ófarar geraz nú, ok drepi þenna sem skjótast, ok svá aðra þá sem eptir eru, því at mycklu eru menn þessir verri viðfángs, enn ver fáim við þeim sér. Eiríkr jarl segir: vita viljum ver nú áðr, hverir þeir sér, eða hyat heitir

þú enn úngi maðr? Hann segir: Svein kalla mig.
 Jarl spyrr, hvers son ertu? Hann segir: ek em
 kennigarson Búa. Jarl spyrr: hve gamall
 maðr ertu? Hann segir: ef ek lið yfir þenna,
 þá em ek átján vetra. Eiríkr jarl mælti; nú
 skaltu yfir liða; tekr jarl hann þá til sín. Há-
 kon jarl mælti þá: eigi veit ek nú, ef sjá skal
 undangánga, er oss hefir slika skavmm gört, enn
 þó muntu ráða verða, ok havggi enn mennina.
 Þá var maðr leystr or streinginum, ok bráz
 streinginn á fótinn, svá at hann var fastr. Sjá
 var mikill ok úngr ok enn fráligzti. Porkell
 segir: hve gott hann hygði til at deyja. Gott,
 segir hann, ef ek gæta efnt aðra¹⁾ heitstreinging
 mína. Eiríkr jarl mælti: hvort er nafn þitt?
 Ek heiti Vagn, segir hann. Jarl spurði, hvers
 son hann væri. Hann qvez vera Áka son. Jarl
 mælti: hvers streingðir þú heit, ef þér þætti
 þá gott at deyja? Pess, segir hann, at ek skylda
 koma í reckjö Ingibjargar dóttur Porkels leiro
 án frænda ráði, enn drepa sjálfan hann, ef ek
 kæma í Noreg. Ek skal því renna, segir Porkell,
 ganir at honum ok havgr til hans tveim
 havndum, enn Björn enn brezki spynditil Vagns
 fæti sinum, svá at hann fell um. Porkell havgr
 yfir Vagn ok steypiz við, enn sverðit varð hon-
 um laust, ok kom á streinginn, ok varð Vagn
 lauss, spratt hann þá upp ok greip sverðit, ok

¹⁾ aðr, 3.

hjo Porkel leiru bana havgg. Þá mælti Vagn: nū hefi ek enda hálfa heitstreingíng mína, ok uni ek nū við sýnu betr. Hákon jarl mælti þá: láti hann eigi lausan, ok drepi hann sem tíðaz! Eiríkr jarl mælti: eigi skal hann heldr drepa enn mik. Hákon jarl segir: eigi þarfum vér nū til at hlutaz, er þú vill einn ráða. Eiríkr jarl mælti: gott er mannkaup í Vagni, ok sýniz mér keypt vel, at hann sé í stað Porkels leiru. Tekr Eiríkr jarl nū við Vagni. Þá mælti Vagn: því at eins picki mér betra at lifa at þeim sé grið gefin avllum várum félavgum, ella farim vér eina favr allir. Eiríkr jarl segir: ek mun nū hafa orð við þá, ok fyrtek ek eigi at göra þetta. Þá geingr Eiríkr jarl at Birni enum brezka, ok spurni hann at nafni. Hann sagði. Jarl mælti: ertu sá Björn er bæzt sóttir manniinn í havll Sveins konungs, eða hvat áttir þú at oss sækja; gamanl maðr ok hvitir fyrir hæru, er þat sannaz at segja, at öll strá vildu oss stánga, eða viltu piggja líf at oss? Björn segir: piggja vil eg, ef Vagn fóstri minn er undan þeginn ok allir þeir er eptir lifa. Þat skal nū veita þér, ef ek má ráða. Eiríkr jarl biðr nū favður sinn, at þeim sé nū grið gefin Jómsvíkingum, sem eptir eru. Hákon jarl bað hann ráða. Voru þeir nū leystir ok trygðir veittar.

Vagn ferr i Vík austr.

16. Eptir þat ferr Vagn með ráði Eiríks jarls austr í Vík, ok mælir at hann skyli þannig göra brúðkaup til Íngibjargar, sem hann vill. Þar er Vagn um vetrinn, enn um varit ferr hann suðr til Danmerkr heim á Fjón til búasinna, ok ræð þar leingi fyrir; ok er mart stórmenni frá honum komit, ok frá þeim Íngibjörgu, ok þótti hon kvenskörúngr mikill. En Björn fór heim til Bretlandz ok ræð þar fyrir meðan hann lifði; ok þótti enn besti karlmaðr. Enn er Sigvaldi kom heim til Danmerkr, fór hann á Sjálavnd til eigna sinna, ok var Áztríðr þar fyrir kona hans. Áztríðr lætr göra honum kerlaug ok strauk honum sjálf, ok mælti: verit get ek nockura þá hafa í Jómsvíkinga bardaga, er raufóttara belg mun þaðan haft hafa, ok þicki mér sjá bezt tilfallinn at hirða í hveiti. Hann segir; þat mætti enn verða minnar æfi, at þú ættir eigi þessu at hrósa, ok lát þér þá líka. Sigvaldi ræð fyrir Sjálavndum, ok þótti vitr maðr, ok kemr hann við fleiri savgur. Enn þorkell enn háfi þótti enn vitrazti maðr, ok reynðiz þat opt síðan. Sigurðrkápa tók viðfaydurleifð sinni í Borgundarhólmi, ok þótti nytmenni mikil, ok er mikill áttbogi kominn frá þeim Tófu. Enn þat er margra manna savgn, at Búi hafi orðit at ormi ok lagz á gull sitt, er þat til þess haft, at menn hafa sèð orm á Hjavréungavág; kann þat ok

vera at nōckur vānd vætr hafi lagz á þat fē, ok sýniz þar síðan. Enn Hákon jarl rēð eigi leingi Noregi síðan, ok varð enn frægzti af sigri þessum. Kom þá í Noreg enn ágæti Ólafr konúngr Tryggvason; var þá tekinn af lífi Hákon jarl, eptir því sem segir í Konúnga savgum, enn Ólafr konúngr kristnaði þá allan Noreg. Munum vér hér lúka at segja frá Jómsvíkingum.

E p t i r m á l i.

Það er að segja um útgáfu sögu þessarar, að hún er prentuð eptir handriti Professors R. K. Rasks, er hann góðfúsliga hér til lánat hefir; skrifadaði hann þat sjálfr orðrætt eptir skinnbók Nr. 7 af handritunum í bókahirzlu konungs í Stockholmi. Stafasetning og ritunarhátr er að öllu hinn sami sem hjá Rask; en geta má þess, at í litlu einu er afbrugðið frá skinnbókinni, sem er: að *av* er ávalt sett fyri *au*, hvar lesit er *ö*, og *au* fyri *av*, hvar lesit er *öi*; *j* brúkast alstaðar fyri *i*, hvar það er samhljóðandi; *u* brúkast ávalt sem hljóðstafur, og *v* sem samhljóðandi; þar sem stendr -*nd*- og -*ld*-, og vera skal -*n.d.* og -*l.d.*, er öðrum bókstafnum slept. Að þessu undanskildu er stafasetning öll hin sama og brúkuð er í skinnbókinni; en þesskonar breytíngar þyckja harðla nauðsynligar fyri þá er lesa, einkum útlenda, er ógjörla vita, hversu lesa skal.

Hvað sjálft handritið snertir, ber það með sér öll merki, að hér sé hin elzta meðferð eðr skrásetning á sögunni, og líkliga samin á 12tu öld eptir frásögn Íslendinga, er voru með Hákon jarli í Jómsvíkinga bardaga, og síðan fóru út til Islands; og má þar til nefna Víg-fús Vígaglúmsson, Þórð örfhönd og Einar skálaglamm. En auðsjáanligt er það, að Stockholmsbókin er skrifuð laugu seinna eptir eldra handriti, og hefir sá er ritaði sumstaðar lesið rángt úr böndunum.

Við þetta handrit eru, hvar þurfa þótti, samborin önnur handrit af Jómsvíkinga sögu mest úr fornfræðasafni Arna Magnússonar. Þykir af samburðinum mega ráða, að öllum þessum handritum megi skipta í 4 flocka, og er hvörr þeirra hinum nockuð frábrugðinn og ólíkr; nl.

1. Rasks afskrift af Stockholms bókinni, merkt *R*.
2. Kálfskinnsbók Nr. 29I í 4blf., merkt *A*, er líkast til skrifuð á 14du öld; vantar aptan við söguna; frásagan er hérí viða fjölotðari enn í *R*, en hvar orðbragðið er fábreytiligt, ber þeim að mestu saman; og má þarf ráða, að þessi frásögn Jómsvíkinga sögu sé hin elzta nærst *R*.

3. Jómsvíkinga saga í Olafs sögu Tryggvasonar, sem prentuð er í Skálholti 1689 eptir Flateyarbók, merkt *F.* Hér til heyra Nr. 14 ok 15 í arkarformi. Þessi flockr er hinum öðrum (*A*) að mestu samfara, en víða orðríkari, og málfaði ei svo ferneskjuligt; þykir því sem það sènýrri meðferð á sögunni, en þó nærsta söguliga frágengið.
4. Skinnbók Nr. 510 í 4blf., merkt *J*, líkliga skrifuð á 15du öld. Hér til heyra: Nr. 13 í arkarformi með hendi Sr. Jóns í Villíngaholti; Nr. 288, 289, 290, 292, 293 í 4blf., og Nr. 346 í arkarformi af handritum Súhms í bókahirzlu konungsins. Hér með má og telja Jómsvíkinga sögu, útgefna af Hammar-sköld í Stockholmi 1815, er líkist mest Nr. 288. Þessar afskriftir eru í flestu samhljóða við þriðja flockinn, en sumstaðar er frásagan aukin, og vísum viðbætt, og orðbragðið nýligra; má því ætla, að þetta sè hin yngsta meðferð á sögunni; er hún og að mörgu hin fjölhæfasta.

Þar allir þessir afskriftaflockar eru svo frá-brugðnir hver öðrum, að sjaldan segir frá með sömu orðum, þótti ógjörligt að fára til allan orðamun er mátti, og eru því orðabreitíngar einasta settar þar, er aðalritsins orðatiltæki sýndist rángt eðr óljóst; og má það meðal annars til þessa mál fára, að mismunr sá, er finnst í áðrtéðum handritum, stafar af því, að fleiri hafa verið höfundar sögunnar, og einn ávalt bætt því við, er hann vissi betr ok söguligar frá að segja.

Geta verðr enn þess, að í Stockholmsbókinni samt *A*, *J* og fleirum byrjar Jómsvíkinga sögu með að segja frá Danakonungum; en þar þetta ei þótti eiga við Jómsvíkinga sögu, er frásagan hér byrjuð á Tóka og sonum hans.

Um sögu þessa má lesa nákvæmari skírslu í Prófessors P. E. Müllers Sögubiblióthek, 3 B. bl. 38 - 115.

Við prentanina eru prófarkirnar leidréttar af Dr. Philos. G. Brynjúlfssyni, Cand. Theol. þ. Guðmundssyni og Löitenanti K. K. Rafni; líka hefir og Professor Rask með velvilja studt að þessu fyritæki.